Freyja Rós Haraldsdóttir
12. ágúst 2016

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Valverkefni og sjálfsmat

*Að finna leið til þess að meta það sem ég er að kenna í stað þess að kenna það sem er auðvelt að meta*

# Námsmat í FÉLA1AA05 vor 2016 Í ML

- Vinnubók 30%
- Teiknimyndaverkefni 20%
- Valverkefni 25%
- Próf 25%

# Valverkefni – 25%

- **Nemendur velja** efni, aðferð, framsetningu og tengingu.
  - **Efni/þema** – t.d. ljósmyndun
    - Áhersla á **áhuga**
  - **Aðferð** – t.d. lesa sér til á netinu, gera könnun og taka myndir
    - Áhersla á **virkni** og **sjálfstæði**
  - **Framsetning** – t.d. búa til vefsíðu
    - Áhersla á **miðlun**
  - **Tenging við félagsfræði** – t.d. hnattvæðing, samfélag, menning, gildi
    - Áhersla á **hugtök**

# Dæmi um hugtök úr grunnáfanga í félagsfræði

**menning**, gildi, viðmið, félagslegt taumhald, viðgjöld, þjóðhverfur hugsunarháttur, afstæðishyggja, menningarsjokk, hnattvæðing, menningarkimar, minnihlutahópar, fjölmenning, **samfélag**, félagsgerð, staða, hlutverk, stöðutogstreita, hópar, félagsleg kerfi, sjálfbærni, **félagsmótun**, frummótun, endurmótun, víxluð mótun, spegilsjálfið, tákn, **fjölskyldan**, skilnaður, ofbeldi, **stjórnmál**, þrískipting valdsins, fulltrúalýðræði, meginstoðir lýðræðisins, mannréttindi, **trúarbrögð**




Valverkefni og sjálfsmat - Freyja Rós Haraldsdóttir

# Hvernig verkefni komu út úr þessu?








- Hvatt til hópavinnu
  - Urðu:
    - 4 einstaklings
    - 4 para
    - 4 hópa (3-4 í hóp)







- Efni:
  - Ljósmyndir, Donald Trump, einangruð börn, hestamennska, rapp, ofbeldi, drusluskömm, félagsmótun, fötlun+ samskipti, tölvuleikir, flóttafólk.
- Framsetning:
  - 2 vefsíður, 3 pistlar, 2 fyrirlestrar, 4 myndbönd, 1 tónlistarmyndband
  - +veggspjöld, kynningar í bekknum, tölvupóstsendingar o.þ.h. til frekari miðlunar í bekknum/skólanum









„Það er í rauninni alveg sama hvernig ljósmynd það er, undirmeðvitundin okkar túlkar alltaf myndina og notar hana til að  hjálpa okkur að skilja fólkið og umhverfið í kringum okkur. Og skapar þannig ákveðna upplifun af umhverfinu.“

http://siljasveins.wix.com/all-photos-talk


Tölvu Leikir
og þú
eftir
Skannaðu fyrir myndskeið

# Hvað vil ég þá kenna?

*Hver er ávinningur þess að leyfa nemendum að velja?*

# Vinnutímar

- Nemendur
  - Vinna sjálfstætt
  - Leita aðstoðar eftir þörfum
- Kennarinn
  - Er verkstjóri – eru allir að vinna?
  - Hvetur og sýnir áhuga
  - Fylgist með ferlinu og tryggir að allir séu á réttri braut
    - Eruð þið búin að velja efni? Af hverju veljið þið þetta? Hver ætla að vinna saman? Hvernig ætlið þið að gera þetta? Hvernig munuð þið miðla? Hvernig tengið þið við félagsfræðina?
  - Gefur hugmyndir (ef þarf) og leiðbeinir
  - **Skeggræðir við nemendur um þeirra efni**
  - Skipuleggur tímasetningar og skilin
  - Sér um lokamatið

Nemendur skila skýrslu, fylla út matskvarða og koma með tillögu að einkunn. Vinnið sjálfsmatið í tölvu, í þessu skjali. Sendið í tölvupósti á freyja@ml.is með afriti (cc) á alla í hópnum.

Titill verkefnisins:

Verkefnið vann/unnu:

## Skýrsla

**1. Lýsing**

Lýsið verkefninu stuttlega. Hvernig er það, af hverju völduð þið að gera það o.s.frv.

**2. Tenging**

Lýsið því hvernig viðvangsefnið **tengist félagsfræðinni**. Hvernig sýnir það fram á **þekkingu eða skilning** á málefnum sem snerta félagsfræðina?

Hvaða **félagsfræðilegu hugtökum** er beitt í verkefninu?

**3. Miðlun**

Hvernig komuð þið verkefninu á **framfæri** við aðra? Hvaða **verkfærni** þjálfuðuð þið við gerð þessa verkefnis (t.d. að búa til myndband, að skrifa grein, að gera veggspjald)?

**4. Sköpun**

Á hvaða hátt er verkefnið frumlegt, áhugavert, skemmtilegt, sniðugt eða mikilvægt? Hver finnst ykkur vera **helsti kostur** verkefnisins?

**5. Vinnubrögð**

Lýsið því hvernig verkefnið vannst. Var því vel sinnt? Sýnduð þið áhuga? Hvernig var **vinnuferlið**?

Valverkefni – Sjálfsmat ML, vor 2016
Félagsfræði FÉLA1AA05 Kennari: Freyja Rós Haraldsdóttir

## Matskvarði

Setjið X á viðeigandi stað í töflunni.

| | MJÖG GOTT | GOTT | SÆMILEGT | SLAKT |
|---|---|---|---|---|
| Verkefnið í heild | | | | |
| Tenging | | | | |
| Miðlun | | | | |
| Sköpun | | | | |
| Vinnubrögð | | | | |

## Einkunn

Einkunn sem nemendum finnst sanngjörn: _______

### Mat kennara

Ef einkunnin er sanngjörn og sjálfsmatið er vel unnið þá stendur einkunn nemendanna.

Dæmi 1: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari er sammála og sjálfsmatið er vel unnið. Lokaeinkunn: 8.

Ef einkunnin er sanngjörn en sjálfsmatið illa unnið þá lækkar einkunnin um einn heilan.

Dæmi 2: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari er sammála en sjálfsmatið er illa unnið. Lokaeinkunn: 7.

Ef einkunnin er ósanngjörn (of lág eða of há) þá gildir mat kennarans. Auk þess lækkar sú einkunn um einn heilan vegna illa unnins sjálfsmats.

Dæmi 3: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari telur að verkefnið sé aldrei upp á meira heldur en 6. Lokaeinkunn: 5.

# Endurgjöf

**Silja Rut**

Glæsilegt verkefni. Frábært hvernig þú tengdir við áhugamál þitt. Samhengið við félagsfræðina sterkt - hugtök notuð á skýran hátt og áhugaverðar hugleiðingar settar fram.

Framúrskarandi vinnubrögð, sýndir verkefninu áhuga og fórst ótroðnar slóðir með því að nota Wix og Typeform. Fjölbreytt nálgun.

Sjálfsmat mjög vel unnið.

Einkunn: 9

HAFÐU ÁHRIF

Góðir kennarar - grunnur framtíðar

Ari Eldjárn – textahöfundur og uppistandari



https://www.youtube.com/watch?v=btRlb15zeRc




„Some of the best **student engagement** I‘ve seen has come through **project-based learning**. If you really want to see kids who are passionate about what they‘re doing in the classroom, give them the opportunity to explore an authentic question **that they care about** through a project they **have some say** in **creating**“

„The term “personalized student learning“ has become a big buzzword in education….is about allowing students to pursue their own **interests** related to a standard you‘re teaching and a great way to do that is through **student-directed projects**.“

(feitletranir mínar)

„We can‘t blame students for being driven by grades when many adults only emphasize grades. Let your students know that learning is about growth and exploration and reward them accordingly.“ (bls. 86)




„Að vera óhræddur og treysta sjálfum sér og nemendum í leiðangra og beita vinnubrögðum sem er ekki alltaf ljóst hvert leiða er mikilvægt veganesti í skapandi kennslu. Jafnframt að hvetja nemendur til að bera ábyrgð á eigin námi, gera þeim kleift að velja viðfangsefni og ýta undir sjálfstæði þeirra.“ (bls. 43).

# Helstu áskoranir

1. Óvissan
   - Skipulagsleysi? Óskýr fyrirmæli? Of opið og óljóst?
2. Tíminn
   - Tekur tíma frá öðru. Náum við að fara yfir allt efni bókarinnar?!
3. Námsmatið
   - Huglægt og mismunandi hvað þarf að meta í ólíkum verkefnum.

